

### **Afmælisboð:**

Þegar skólasystkinum er boðið í afmæli er mikilvægt að enginn finni sig hafðan útundan. Af þessum sökum biðjum við foreldra að hafa eftirfarandi reglur í huga:

Einungis er hægt að bjóða í afmæli með miða í skólanum þegar bjóða á öllum stúlkum/öllum drengjum í umsjónarhóp eða öllum umsjónarhópnum.

Ef bjóða á hluta hópsins er þess vinsamlegast farið á leit að boðið sé að hámarki helmingi hópsins enda ella hætta á að nokkrir úr umsjónarhópi séu hafðir útundan. Boðsmiða verður að keyra út ef þessi háttur er hafður á.

Þegar bjóða á jafnöldrum úr öðrum umsjónarhópum er einnig æskilegt að bjóða að hámarki helmingi þess hóps ef ekki er öllum boðið og liggja sömu rök að baki og hér að framan. Boðsmiða verður að keyra út ef þessi háttur er hafður á.

Viðmið afmælisgjafa skulu vera kr. 500 eða hlutur að andvirði kr. 500

Að lokum biðjum við foreldra að passa upp á að láta vita ef barn kemst ekki í afmæli. Fjölskyldur hafa lent í að vera búnar að undirbúa afmæli fyrir stóran hóp og aðeins nokkrir hafa mætt. Slíkt er fyrst og fremst mjög sárt fyrir afmælisbarnið og síðan hafa veitingar sem búið var að undirbúa verið allt of miklar. Við biðjum því alla að passa upp á þetta.

### **Vinahópar:**

Bekkjjarfulltrúar og foreldrar nemenda í hverjum umsjónarhópi eru hvattir til vinna að stofnun vinahópa eða skipuleggja uppákomur með umsjónarhópum sem efla vináttu og bæta samskipti nemenda.